

ÁLIT RÁÐSTEFNU UM KJÖR LÁGLAUNAKVENNA.

Þáðstefna ASB félags afgreiðslustúlkna í brauða- og mjólkurbúðum, Iðju félags verksmiðjufólks, Starfsstúlknafélagsins Sóknar, Starfsmannafélags ríkisstofnana og Rauðsokkahreyfingaránnar um kjör láglauakvenna, haldin í Lindarbæ 26. janúar 1975, fagnar beirri ákvörðun Sameinuðu þjóðanna að helga árið baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna, framförum og friði. Skorar ráðstefnan á íslenskar konur að nýta bau tækifæri sem þetta baráttuár veitir.

Konur hafa ævinlega verið fullgildir þátttakandur í þeim störfum sem unnin eru í landinu. Vinnutími kvenna hefur oft á tíðum verið lengri en vinnutími karla. Sú var reyndin í bændabjóðféluginu og ekki síður í dag, þegar stór hluti kvenna skilar hlut sínum í atvinnulifinu jafnframt störfum á heimilunum þar sem barnauppeldi og þjónusta hvílir enn að langmestu leyti á herðum þeirra.

Lögboðið er að greidd skuli sömu laun fyrir sömu vinnu, en sífellt er farið í kring um þessi ákvæði með því að flokka starfsheiti eftir kynjum. Störfin eru metin misjafnlega og brátt fyrir jafnrétti í lögum eru konur að stærstum hluta í þeim störfum er lægst eru metin til launa, en eru þó undirstöðustörf, svo sem framleiðslu-, uppeldis- og þjónustustörf. Þótt þessi störf byggist að miklu leyti á vinnuafli kvenna er lítið tillit tekið til móðurhlutverks þeirra og þær í raun látnar gjalda þessa hlutverks á þann hátt að vera metnar sem óstöðugur vinnukraftur og verða varavinnuafli.

Á sama tíma og atvinnuvegirnir kalla á vinnuafli kvenna eru sniðgengnar þær barfir sem þátttaka þeirra í atvinnulifinu skapar. Ekki er sinnt uppbyggingu þeirra stofnana sem taka við hluta af þeim störfum er konurnar sinna á heimilum sínum og afkomu þeirra og atvinnuþryggi er stefnt í hættu við barnsburð. Farsælt uppeldi barna er best tryggt með því að báðir foreldrar séu jafngildir einstaklingar í þjóðféluginu og hvor um sig reiðubúinn til að bera ábyrgðina á uppeldi og þreska barna sinna.

Ráðstefnan krefst þess, að allar konur njóti amk. 3 ja mánaða fæðingarorlofs á fullum launum og lítur svo á, að eðlilegast sé að framkvæmd falli undir tryggingakerfi ríkisins.

Ráðstefnan telur að öll börn eigi jafnan rétt á dvöl á góðum dagvistunarheimilum og hskorar á bæjar- og sveitafélög að nota heimild í lögum um þátt ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila til að hraða uppbyggingu þeirra. Verkalýðsfélögunum ber að knýja á um þessi mál og að sjá til þess, að greiðslur fyrir dvalarkostnað miðist við lægstu taxta verkalýðsfélaganna. Ráðstefnan bendir jafnframt á þá varhugaverðu: þróun, að barnagæsla í heimahúsum fer sífellt í vöxt vegna skorts á dagvistunarstofnunum.

Ráðstefnan telur, að skólatími barna eigi að vera samfelldur og börn að fá mat í skóla. Hún telur sjálf sagt, að sama námskrá gildi fyrir pilta og stúlkur og að endurskoðað verði efni kennslubóka, sem heldur við hefðbundinni hlutverkaskipan kynjanna.

Ráðstefnan átelur að tala kvenna í stjórnum og samninganeftndum launþegasamtakanna er ekki í réttu hlutfalli við fjöldabærirra í félögunum og telur ekki vansalaust, að í 9 manna nefnd ASI skuli engin kona eiga sæti.

Ráðstefnan varar við afleiðingum bónuskerfisins, þar sem komið hefur í ljós, að það veldur líkamlegri og andlegri þreytu og hefur neikvæð félagsleg áhrif.

Það er sjálfsgöð krafa, að heimilisstörf séu metin sem starfreynsla þegar konur hefja hliðstæð störf á vinnumarkaðnum.. Brýn nauðsyn er á námskeiðum í ýmsum starfsgreinum, svo og endurhæfingu og fullorðinnafræðslu. Umræður og fræðsla um réttindi og skyldur og kjaramál fari fram á vinnustað.

Húsnaðismál eru eitt erfiðasta vandamál láglunaafólks og þess vegna beinir ráðstefnan því til verkalýðsfélaganna, að þau beiti sér fyrir byggingu leiguíbúða með sameiginlegu félagslegu athvarfi og noti fé lífeyrissjóðanna í því skyni.

Ráðstefnan tekur undir hugmyndina um að allar íslenskar konur leggi samtímis niður vinnu dagstund á þessu ári til að leggja áherslu á vinnuframlag kvenna í atvinnulifinu og inni á heimilum.

ÁLYKTANIR.

Tryggingamál.

1. Fæðingarstyrkur verði greiddur hverri konu og dvöl á fæðingarstofnun verði ókeypis eins og sjúkrahússvist, en eins og nú er, er hann tekinn upp í sjúkrahússvistina. Sé hann hugsaður sem þátttaka í aukakostnaði vegna förfalla konunnar, verði upphæðin í raunhæfu samhengi við þann kostnað, t.d. heimilishjálp, fóstrun barna, kostnað við hinn nýja einstakling o.s.frv.
2. Barnsfarakostnaður, sem faðir óskilgetins barns skal greiða konunni, ef hún missir vinnu vegna barnsburðarins, skuli greiddur af Tryggingastofnun þar til meðlagsúrskurður liggur fyrir. Ef úrskurður ekki tekst beri Tryggingastofnun kostnaðinn. Upphæð sé raunhæf t.d. a.m.k. hálf framfærsla einstaklings.
3. Meðlagsgreiðslur fáist greiddar hjá Tryggingastofnun ríkisins að fengnum úrskurði allt frá fæðingu barns ásamt barnsfarakostnaði. Móðir fái greitt meðlag meðan gengið er frá úrskurði.
4. Barnalífeyrir vegna barna, sem ekki tekst að feðra, sé úrskurðaður, ef ekki tekst að feðra barnið innan tveggja ára frá fæðingu, enda hafi allt verið til bess reynt. Barnalífeyrir sé greiddur meðan reynt er að feðra barnið.

Lífeyrissjáðir.

Ráðstefnan um kjör láglaunakvenna telur brýna nauðsyn að samræma reglugerðir allra lífeyrissjóða landsmanna til aukins réttlætis.

Lífeyrissjáðir eru margir og misöflugir. Fækst mismunur sjóðanna hvað mest í því, að sumir njóta verðtryggingar, en aðrir ekki. Má ljóst vera mikilvægi verðtryggingar í verðbólguþjóðfélagi.

Ráðstefnan ályktar:

- a) Að í fyrsta lagi skuli allir lífeyrissjóðir verðtryggðir.
- b) Í öðru lagi njóti allir lífeyrisþegar sömu réttinda án tillits til kyns eða atvinnustéttar.
- c) Í þriðja lagi að ávaxta skuli:fé sjóðanna til félagslegrar uppbyggingar t.d. með byggingu leigu- og söluíbúða á svipuðum grundvalli og framkvæmda-nefnd byggingaáætlunar vann eftir.

Kvennaársnefnd á vegum ríkisstjórnarinnar.

Ráðstefna um kjör láglaunakvenna lýsir undrun sinni á því að í nefnd þeirri sem ríkisstjórnin hyggst setja á stofn í til-efni kvennaársins, til að fjalla um stöðu kvenna í þjóðfél-aginu, eru ýmsir hópar tilnefndir, án þess að fulltrúar Verkalýðshreyfingarinnar séu þar með.

Ráðstefnan telur að einmitt innan Verkalýðshreyfingarinnar séu þær konur sem með vinnu sinni stuðla hvað mest að upp-byggingu þjóðfélagsins, og þess vegna beri þeim réttur til að eiga fulltrúa í nefndinni.

Ráðstefna um kjör láglaunakvenna skorar á verkalyðsfélögin að gera félögum sínum kleift að taka þátt í námskeiðum Félagsmálaskóla alþýðu með því að greiða fyrir þá þátttökugjöld og bæta þeim upp það kaup, sem þeir verða af vegna þátttöku í þessum námskeiðum.

Einnig skorar ráðstefnan á Félagsmálaskólann að halda námskeið um jafnréttismál á þessu ári.

Ráðstefna ASB, Iðju, Rauðsokkahreyfingarinnar, SFR og Sóknar um kjör láglaunakvenna haldin í Lindarbæ 26. janúar 1975, skorar á Félagsmálaráðuneytið, að gefa út sem allra fyrst, skýrslu um jafnrétti þegnanna, sem unnin var af Guðrúnu Sigríði Vilhjálmsdóttur nemanda í námsbraut í þjóðfélagsfræðum í Háskóla Íslands, undir umsjón kennara deildarinnar, og liggur nú fyrir hjá hinu háa ráðuneyti tilbúin til útgáfu.